

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Norðurlandi vestra, 3. mars 2021

Sent rafrænt á nefndasvid@nefndasvid.is

Efni: Umsögn stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna póstmála (flutningur póstmála frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar).

Samhljóða umsögn og lögð var fram við drög að lagafrumvarpinu sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 23. október 2020.

Um nokkurt skeið hefur stjórn SSNV haft áhyggjur af þróun mála hvað póstpjónustu á landsbyggðinni varðar. Þó bréfasendingum hafi fækkað verulega færast vefverslun í aukana og felast í því tækifæri fyrir fyrirtæki um land allt. Skerðing þjónustu undanfarin ár hefur hins vegar haft neikvæð áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni og gert þeim erfiðara fyrir en fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu að nýta sér þau tækifæri. Það er því afar mikilvægt að tryggja að póstpjónustu sé eins vel fyrir komið og kostur er í hinum dreifðari byggðum og alþjónusta tryggð. Það er mat stjórnar SSNV að Byggðastofnun sé vel til þess fallin að sinna þessum mikilvæga málaflokki með þeim hætti að póstpjónusta styðji við atvinnustarfsemi í hinum dreifðari byggðum og bæti búsetuskilyrði.

Jafnframt vill stjórn fagna því að með þeirri breytingu sem frumvarpið felur í sér á málaflokki póstmála muni störf flytjast út á land. Gengur þar ráðuneytið fram með góðu fordæmi fyrir önnur ráðuneyti og stofnanir ríkisins. Það er hins vegar mikilvægt að með þeim verkefnum sem flutt verða, nái frumvarpið fram að ganga, fylgi fjármunir sem duga til reksturs þeirra.

Stjórn SSNV mælir því með að frumvarpið nái fram að ganga svo fremi sem rekstur málaflokksins sem fluttur er verði fjármagnaður að fullu.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri.